



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN

AFHENDING Á BESSASTÖÐUM Í DAG

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun í dag, sunnudaginn 8. júlí, afhenda Íslensku safnaverðlaunin við hátíðlega athöfn sem hefst á Bessastöðum kl. 14:00. Í dag er haldið upp á íslenska safnadaginn.

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Félag íslenskra safna (FISOS) og safnmanna standa saman að Íslensku safnaverðlaununum sem veitt eru annað hvert ár safni sem með starfsemi sinni þykir skara fram úr. Dómnefnd velur þrjú söfn úr innsendum tilnefningum sem auglýst er eftir frá almenningi, félagasamtökum og fagaðilum. Dómnefndin er skipuð fulltrúum félaganna tveggja og fulltrúa frá því safni sem síðast hlaut verðlaunin. Nú bárust meira en 40 ábendingar.

Í ár eru Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Listasafn Einars Jónssonar og Þjóðminjasafn Íslands tilnefnd til verðlaunanna.

Fjölmiðlum er boðið að senda fulltrúa sína á athöfnina á Bessastöðum.

Með fréttatilkynningunni fylgir greinargerð dómnefndar um þau söfn sem tilnefnd eru til Íslensku safnaverðlaunnanna árið 2012.

8. júlí 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og fulltrúar Íslensku safnaverðlaunanna Sigríður Melrós Ólafsdóttir (663 9894) og Ólöf K. Sigurðardóttir (664-5791).

Úr greinargerð dómnefndar

Byggðasafn Suður-Pingeyinga fyrir endurnýjun á grunnsýningu í Safnahúsinu á Húsavík

Grunnsýningin Mannlíf og náttúra – 100 ár í Pingeyjarsýslum var opnuð í Byggðasafni Suður-Pingeyinga í Safnahúsinu á Húsavík árið 2010. Opnun sýningarinnar markaði endapunkt umfangsmikilla breytinga á Safnahúsinu. Í stað hefðbundinnar aðgreiningar á menningu og náttúru er valin sú leið að draga upp mynd af sögu byggðarinnar í samspili manns og náttúru. Menningarminjar og náttúrugripir eru þannig settir í nýtt og spennandi samhengi.

Uppsetning sýningarinnar er þaulhugsuð og aðlaðandi. Sýningarrýmið er haganlega nýtt þannig að sýningargripir og textar vekja forvitni gesta. Að baki sýningunni liggur hugmyndavinna hóps einstaklinga sem koma úr ýmsum áttum og leggja til verkefnisins reynslu á sviði ólíkra fræðigreina, lista og hönnunar. Sú vinna skilaði sér í fjölbreyttri og ferskri nálgun og fleiri sjónarhornum en oft sjást í sýningum af þessum toga.

Listasafn Einars Jónssonar fyrir innihaldsríka heimasíðu vel tengda hlutverki safnsins og markmiðum

Ný heimasíða Listasafns Einars Jónssonar er áfangi í þeirri viðleitni að gera byggingu og list Einars aðgengilega almenningi á áhugaverðan hátt. Vefsíðan gefur góða mynd af verkum listamannsins um leið og gerð er grein fyrir sögu safnsins sjálfs og hugmyndafræði Einars. Ýmsar heimildir um Einar og list hans eru gerðar aðgengilegar og þannig er lærðum og leikum gefin innsýn í hugarheim listamannsins og ferilinn á bak við verkin í safninu og í garðinum. Í textum og myndbandsupptökum er teflt saman fræðandi lýsingum listfræðings á nokkrum af helstu verkum Einars og hugrenningum almennra safngesta tengdum upplifun af sömu verkum. Þótt mikið efni sé birt á síðunni er jafnframt gert ráð fyrir áframhaldandi þróun.

Vefsíðan er afar aðgengileg og auðveld í notkun. Hún er fallega hönnuð og vel unnin og textar eru bæði á íslensku og ensku.

Þjóðminjasafn Íslands fyrir Handbók um varðveislu safnkosts

Handbók um varðveislu safnkosts er gott dæmi um viðleitni Þjóðminjasafns, höfuðsafns þjóðminjavörslu, til þess að miðla þekkingu til safnmanna sem starfa við ólíkar aðstæður á söfnum landsins. Rannsókn- og varðveislusvið safnsins hefur um árabil staðið að því að auka þekkingu safnmanna á aðferðum fyrirbyggjandi forvörslu og mikilvægi réttar meðhöndlunar safngripa. Á síðustu árum hafa

jarðskjálftar og eldgos endurtekið ógnað menningararfi Þjóðarinnar og um leið sýnt fram á mikilvægi fyrirbyggjandi forvörslu við að tryggja öryggi safnkostsins. Handbókin byggir á íslenskum aðstæðum og er sumt í henni frumsamið en annað hafa forverðir og ýmsir sérfræðingar þýtt og staðfært. Bókin er gefin út rafrænt og er gert ráð fyrir því að hægt verði að bæta við hana. Eitt af markmiðum aðstandenda er að efnið sé aðgengilegt þar sem almenningur, félag, fyrirtæki og stofnanir aðrar en söfn varðveita stóran hluta menningararfsins. Þannig er útáfan ekki aðeins þýðingarmikil fyrir opinber söfn á landinu heldur einnig fyrir einkaaðila sem bera ábyrgð á sameiginlegum menningararfi Þjóðarinnar. *Handbók um varðveislu safnkosts* er unnin að frumkvæði forvarða á Þjóðminjasafni Íslands en einnig komu að verkefninu Þjóðskjalasafn Íslands og Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

8. júlí 2012